



**Kaldbakur EA 1 var fyrsti síðutogarinn sem kom til Akureyrar 1947**

Ágæta bæjarstjórn,

Togaraútgerð hefur ráðið miklu um velgengni og vöxt Akureyrar í marga áratugi og lagt traustan grunn að velgengni staðarins og velmegun íbúanna..

Við beinum því til bæjarstjórnar Akureyrar að hún reisi veglegan minnisvarða um togaraútgerð í bænum, með sérstakri skírskotun í gömlu síðutogarana.

Hvergi á slíkur minnisvarði betur heima en hér á Akureyri og þarf að finna honum stað sem sæmir.

Hann á að heiðra minningu þeirra sem drógu björg í bú oft - við erfið skilyrði - og kostuðu sumir til lífinu.

Afraksturinn var allra og naut bæjarfélagið

allt og íbúarnir góðs af með beinum og óbeinum hætti.

Hátíðarnefndin býður fram samstarf og liðsinni við vinnslu málsins.

Með fyrirfram þakklæti um góðar undirtektir,

Nefndin;

Kjartan Ásmundsson,  
Sæmundur Pálsson,  
Gunnar Trausti Guðbjörnsson,  
Ívar Baldursson

Samþykkt með lófataki og fögnuði á  
2. hátíð togarasjómannanna í Sjallanum Akureyri 15. júlí 2011